

Nr. 37/1913

Hallgrímur Brynjólfsson

gegn

Þorvarði presti Þorvarðssyni.

Dómur:

Með skjali dags. 22. nóv. 1912, er birt var áfrýjand-
 anum Hallgrími bónda Brynjólfssyni á Felli í Mýrdal af
 hlutaðeigandi stefnuvottum 16. s. m., byggði stefndi, prest-
 ur í Mýrdalsþingum Þorvarður Þorvarðsson, áfrýjandan-
 um út af nefndri ábylissjörð hans frá fardögum 1912.
 En af því að áfrýjandi sinti ekki útbyggingunni og sat á
 jörðinni fram yfir fardaga, leitaði stefndi aðstoðar fógeta
 til að fá hann borinn út af jörðinni, og úrskurðaði þá
 fógetinn 28. júní 1913, að framkomnum mótmælum
 áfrýjanda gegn útburðargerðinni, að hún ætti þó fram að
 ganga. Það varð þó eigi af útburði í það skifti, því að
 sætt komst á milli málsaðilanna þess innihalds, að stefndi
 leyfði áfrýjanda að vera kyrr á jörðinni til næstu far-
 daga (1914) gegn því að hann skuldbatt sig til að fara þá
 frá jörðinni, ef hann ekki fyrir þann tíma hefði gert ráð-
 stafanir til að áfrýja úrskurðinum.

Nú hefir áfrýjandinn skotið úrskurði þessum til yfir-
 dómsins með stefnu, dags. 26. júlí þ. á. og hefir hann
 krafist þess, að úrskurðurinn verði feldur úr gildi og
 stefndi dæmdur til að greiða sér málskosnað. Stefndi
 hefir aftur á móti krafist þess, að úrskurðurinn verði stað-
 festur og sér tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir
 yfirdómi.

Þar sem þess ennfremur hefir verið krafist af áfrýj-
 anda hálfu, að justitiarius Kristján Jónsson viki úr dóm-
 arasæti í máli þessu fyrir það, að hann er tengdafaðir

fógetans, er úrskurðinn feldi, þá er ekki í málinu að ræða um neina ábyrgð á hendur fógetanum, og verður því krafan ekki tekin til greina.

Rétt sinn til að segja áfrýjanda upp ábúðinni á Felli byggir stefndi á því fyrst og fremst, að þar sé löglegt prestssetur í Mýrdalsþingum, og eigi hann því sem prestur í kalli þessu full og óátalin landsdrottinsráð á jörð þessari og aðgang að henni til eigin nytja og ábúðar, hvenær sem vera skal, samkvæmt veitingarbréfi sínu frá 27. apríl 1907 og lögum 16. nóv. 1907, 4. og 5. gr., um laun sóknarpresta. En þar næst byggir hann og útbygginguna á því, að áfrýjandi hafi fyrirgert ábúðarrétti á jörðinni með því að hafa sumarið 1912 léd slægjur jarðarinnar og látið flytja burtu án síns (prestsins) leyfis, og með því að greiða ekki eftirgjald jarðarinnar fardagarárið 1912—13 á tilskildum gjaldþega (Mikaelsmessu).

Áfrýjandi byggir aftur á móti rétt sinn til að sitja kyr á jörðinni á byggingarbréfi fyrir Felli gefnu honum af fyrirrennara stefnda í Mýrdalsþingaprestakalli, séra Jes Gíslasyni, 13. júní 1904, en þar er áfrýjanda heimiluð ábúð á Felli um alveg óákveðinn tíma, eða þannig, að landsdrottni er þar ekki áskilinn neinn réttur til að segja upp ábúðinni af sinni hálfu, haldi áfrýjandi byggingarskilmála. Heldur áfrýjandi því fram, að bréf þetta hafi verið gefið út með fullri heimild af þáverandi presti (fyrirrennara stefnda), sem hver önnur lögleg byggingarráðstöfun á kirkjujörðum kallsins, en Fell sé löngu hætt að vera prestssetur. Auk þess hafi og stefndi síðar samþykkt byggingarbréfið fyrir sitt leyti óbreytt eins og það er. Hann geti því eigi bygt sér út af jörðinni fyrir þá sök eina, að hann vilji taka hana sjálfur til ábúðar, en á því,

að áfrýjandi hafi fyrirgert ábúðarréttinum geti stefndi ekki byggt útbygginguna, því að áfrýjandi hafi ekki í neinu brotið byggingarskilmálana, er settir hafi verið í byggingarbréfinu.

Þar sem áfrýjandi neitar því, að Fell sé ákveðið prestssetur í Mýrdalsþingum, þá bera máls skjölin það að vísu með sér, að ráðgert hefir verið fyrir nokkrum árum að ákveða prestssetrið annarsstaðar, vegna þess hve illa prestur hefir þótt settur á Felli, eftir að Mýrdalurinn var gerður að einu prestasalli, og að prestarnir í Mýrdalsþingum hafa síðan þessi breyting varð á prestakallinu, að minsta kosti seinni árin, ekki notað sjálfir ábúðina á prestssetrinu Felli, heldur tekið sér aðsetur á öðrum hentugri stað í prestakallinu, en það fer svo fjarri að upplýst sé í málinu, að nokkur lögleg ákvörðun hafi verið um það gerð af kirkjustjórninni, að Fell skuli ekki lengur vera ætlað prestinum til ábúðar, eins og áður hefir verið, að það sést einmitt af skjölum þess, að jörðin er skoðuð enn af kirkjustjórninni sem prestssetur og afstaða prestsins metin eftir því. Þar sem stefndi eftir þessu verður að teljast hafa átt öll umráð yfir Felli sem prestssetri sína prestsskapartíð, er það auðsætt, að áfrýjandi getur ekki byggt rétt sinn til ábúðarinnar á jörð þessari á fyrnefndu byggingarbréfi að svo miklu leyti, sem það heimilaði honum ábúð á jörðinni fram yfir þann tíma, er útgefandi þess hafði rétt til að ráðstafa henni, en það var að eins prestsskapartíð hans. En áfrýjandi hefir, eins og áður er tekið fram, haldið því fram, að stefndi hafi samþykkt byggingarbréf þetta, er hann fékk hjá fyrirrennara hans, eftir að hann sjálfur var orðinn prestur í Mýrdalsþingum. Hefir áfrýjandi skýrt svo frá, að stefndi hafi á

desember 1907, fyrsta árið er hann var þar prestur, verið staddur á heimili sínu Felli, og hafi hann þá yfirlitið byggingarbréfið og ekkert fundið athugasvert við það. Hafi hann sagzt ekki sjá ástæðu til að breyta neinu sem í því stæði, og tekið það fram, að sér væri það sýnilegt, að jörðinni væri svo í sveit komið, að ekki væri tiltækilegt fyrir prest að búa þar, sem ætti að þjóna prestakallinu. Stefndi hefir ekki neitað því, að hann kunni að hafa haft þessi ummæli við áfryjanda í umrætt skifti, og verður því að telja þau rétt hermd, en áfryjandinn virðist eins og á stóð hafa haft fulla og réttmæta ástæðu til að skilja þau svo, að stefndi hafi með þeim lýst sig samþykkan því, að byggingarbréf áfryjanda, sem stefndi gaf ekki um að breyta í neinu, mætti standa óhaggað með öllu, þrátt fyrir prestaskiftin og hefir stefndi þá með þessu slept rétti þeim, sem honum annars bar til að fá riftað byggingu fyrirrennara hans á jörðinni og gat því ekki síðar, eftir að hann hafði látið áfryjanda sitja á jörðinni, óhreyfðan og óátalið í full 5 ár, véfengt rétt áfryjanda til ábúðar á jörðinni samkvæmt byggingarbréfinu og byggt honum út af jörðinni og síðan fengið hann útborinn af henni, fyrir það eitt, að hann sjálfur vildi komast að henni.

Þá hefir stefndi byggt útbygginguna og útburðarkröfuna á því, að áfryjandi hafi brotið byggingarskilmálana í byggingarbréfinu 13. júní 1904 og þannig fyrirgert ábúðarrétti sínum. Þar sem stefndi hefir í þessu tilliti talið áfryjanda hafa léð slægjur frá jörðinni heimildarlaust, þá hefir áfryjandi skýrt frá því í málinu fyrir fógetaréttinum, að slægjulán þetta hafi að eins verið veitt í skiftum fyrir aðfengna beit fyrir skepnur sínar, sem ábyli hans vantaði, og hef-

Ír hann stutt þessa sögu sína með vottorði 2 manna, sem ekki hefir verið neitað sem ósönnu eða röngu. Virðist áfrýjandi með þessu hafa réttlætt slægjulánið nægilega, þar sem það er því að eins bannað eftir byggingarbréfinu, að ekki komi önnur hlunnirði eða landsnytjar á móti. Um hina útbyggingarsökina, er stefndi telur á hendur áfrýjanda, að hann hafi greitt eftirgjaldið eftir jörðina tæpum 2 mánuðum síðar en gjalddagi þess var, er það að segja, að stefndi hafði gefið öðrum manni skriflega ávísun á gjald þetta og tók sá maður ávísunina gilda og fekk hana greidda hjá áfrýjanda, á þess að hann eða stefndi, sem var viðstaddur, hreyfðu neinum athugasemdum um ofseina greiðslu, enda hafði ávísunarhafi ekki, svo séð verði af málinu, sýnt áfrýjanda ávísunina til innlausnar eða krafði hann um borgun á henni, en í ávísunni var ekki ákveðinn neinn gjalddagi. Verður því ekki talið, að hér hafi verið um nein vanskil á eftirgjaldinu að ræða.

Samkvæmt framanrituðu verður ekki á það fallist, að áfrýjanda hafi verið löglega bygt út af jörðinni Felli og að því hafi verið lög til þess, að bera áfrýjanda út af jörðinni samkvæmt kröfu stefnda, ber því að ónýta hinn áfrýjanda fógetaúrskurð. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi fógetaúrskurður skal vera ógildur. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.